

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Erum einnig á visir.is

MAÍ 2021

5. tbl. 28. árg.



Erum á Óðinsgötu 1

Afgreiðslutími:

Mán: 11-16

Pri-fös: 11-18

Lau 11-16

sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid

Netverslun: systrasamlagid.is

- bls. 4-5
Frjáls
útværprekstur

Rótarýklúbburinn gróðursetti í Heiðmörk



Rótarýfólk úr Breiðholti í skógræktarferð í Heiðmörk á dögunum en klúbburinn hefur stundað skógrækt þar í um 35 ár.

Rótarýklúbburinn Reykjavík-Breiðholt er einn þeirra félagsamtaka sem hefur skógræktarstarf á verkefnaskrá sinni. Breiðholtsklúbburinn fékk úthlutað skógræktarreit í Heiðmörkinni fyrir um það bil 35 árum. Stór hluti af reitnum er þakinn skógi í dag en árlega eru gróðursettar plöntur. Árlega fara félagar úr klúbbnum ásamt mökum og börnum í skógræktarreit sinn í Heiðmörk og gróðursetja. Ferðin í ár var undirbúin af Vilhjálm P. Vilhjálmssyni, formanni ferðanefndar og Sigurði Bjarnasyni.

Með í förinni var Auður Kjartansdóttir, sem á síðasta ári tók við sem framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur. Hún kynnti félögum og gestum stöðu mála vegna brunans nýlega í Heiðmörkinni, en stór hluti af gróðursetningarsvæði þar eyðilagðist eða skemmdist verulega. Reitur klúbbsins varð ekki fyrir skemmdum. Þorsteinn Tómasson, félagi í klúbbnum og landsþekktur skógræktarmaður hafði að vanda meðferðis plöntur sem hann hafði ræktað og félagsmenn, makar og börn gróðursettu.

 Brynja

Við opnum fljótlega
nýja ísbúð í Lóuhólum!

 Brynja

**Þitt hverfi hefur hækkað
einna mest síðastliðið ár.**

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst **510 7900**

LIND

FASTEIGNASALA

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

VIÐ  BREIÐHOLTID



OPNUNARTÍMAR ICELAND Í BREIÐHOLTINU:
Vesturberg - Arnarbakki - Seljabraut:
Virka daga 07:00-24:00 - Helgar 09:00-24:00

Iceland

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

5. tbl. 28. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Verkmenntun

Nú hefur verið ákveðið að byggja sérstaklega yfir verkmenntun við Fjölbrautaskólann í Breiðholti.

FB er ekki aðeins elsti fjölbrautaskóli landsins heldur hefur hann alla tíð verið framarlega að innleiða og efla verkmenntun.

Margir hafa útskrifast af ýmsum verknámsbrautum við skólann í gegnum tíðina og margir hafa haldið áfram námi að stúdentsprófi og háskólanámi þótt það sé ekki og þurfi ekki að vera algilt.

Margt hefur verið rætt um eflingu verknáms í skólakerfinu á undanfögnu árum. Nú hefur orðið ákveðin hugarfarsbreyting þar sem verknám er lagt meira til jafns við bóknám en verið hefur.

Þetta er ánægjuleg þróun. Hið sama hentar ekki öllum þegar að námi kemur og áhugi ungmenna er mismunandi. Aukin áhugi á verknámi mun laða fleiri ungmenni til skólanáms og draga án efa úr brottfalli úr námi á framhaldsskóla aldri.

Enn er Fjölbrautaskólinn í Breiðholti í fararbroddi að þessu leyti. Hinar nýju byggingar munu veita aukið rými til þess að efla verknámskennsluna.

Vistvænir þróunarreitir

Fagna má áformum borgaryfirvalda að leggja til þróunarreiti til vistvænnar uppbyggingar í Breiðholti. Auglýst hefur verið eftir skapandi hugmyndum að íbúðarhúsnæði framtíðarinnar þar sem grænar lausnir verða í forgrunni.

Breiðholt er hálfraur aldar gömul byggð. Afmarkaður borgarhluti sem er einskonar bær í borginni. Lítið hefur verið aðhafst þar frá því byggðin var fullbúin. Nú hefur verið ákveðið að endurskoða skipulag Breiðholts. Þróunarreitirnir eru hluti af því dæmi.

Byggt fyrir verknám í FB



Frá undirskrift samnings um viðbyggingu við FB.

Undirritaður hefur verið samningur um viðbyggingu fyrir verknámsaðstöðu við Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Byggingin, sem verður tvær skemmur og tengingar, verður á lóð skólans við Hraunberg. Húsnæði skólans stækkar við þetta um 2.155 fermetrar. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, og Lilja Dögg Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra skrifuðu undir samninginn á dögunum.

Samningurinn var undirritaður við hátíðlega athöfn í skólanum þar sem auk borgarstjóra, ráðherra og skólameistara, Guðrúnar Hrefnu Guðmundsdóttur, tóku til máls sviðsstjórar í verknáminu. Þau fögnuðu öll því að ráðast ætti í byggingu verknámssmiðja og Kristín Reynisdóttir, sviðsstjóri listnáms sagði m.a. „Hér er fagnað í dag. Skörun listforma á sér stað og farvegur nýsköpunar er spennandi. Með nýrri byggingu verða tækifæri til að samnýta aðstöðu og vinna saman milli verkgreina. Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina, án innréttinga, er áætlaður um ein milljarður króna og greiðir ríkis-



Samningurinn var undirritaður við hátíðlega athöfn í FB.

sjóður 60% en Reykjavíkurborg 40%. Kveðju fluttu við athöfnina þau Víðir Stefánsson sviðsstjóri verknáms og fagstjóri rafvirkjadeildar, Kristín Reynisdóttir sviðsstjóri listnáms og Benedikt Kristjánsson fagstjóri húsnámsdeildar.

Heilsugæslan í Efra-Breiðholti
Hraunbergi 6
s 513 5300



- 8-16
 - Viðtalstímar heilbrigðisstarfsmanna
 - Símatímar lækna
 - Símaráðgjöf hjúkrunarfræðinga
 - Móttaka vegna smáslysa og bráðra veikinda

- 16-17
 - Móttaka lækna vegna smáslysa og bráðra veikinda

Við minnum á að ráðlegt er að koma árlega í eftirlit með langvinnum sjúkdómum svo sem sykursýki og háþrýstingi

Hraunberg Primary Health Care
Hraunberg 6
tel 513 5300



- 8-16
 - Appointments with health care staff
 - Telephone consultations with doctors and nurses
 - Walk-in service for minor injuries and sudden illnesses
- 16-17
 - Walk-in service minor injuries and sudden illnesses

We kindly remind those with chronic illnesses such as diabetes or high blood pressure to have yearly check ups



Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - í leiðinni

Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - um land allt

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar

Þingmaður Reykvíkinga

Ég tel að þingmenn Reykjavíkur þurfi að stíga fastar fram og vera duglegri að tala máli Reykvíkinga og sinna málefnum þeirra betur.

Það á til dæmis að gera kröfu um jöfnun atkvæðisréttar enda er misvægi atkvæða afsprengi samfélagsgerðar sem er löngu úrelt.



Friðjón Friðjónsson í 4. sæti

Tökum forystu

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins
í Reykjavík 4. – 5. júní

VIÐTALIÐ

Frjáls útvarpsrekstur

Málinu fyrst hreyft fyrir rúmri hálfri öld

Fyrr rúmri hálfri öld hófu tveir ungir menn að viðra hugmyndir um frjálsan útvarpsrekstur hér á landi en þá hafði Ríkisútvarpið haft einkarétt á útvarpsrekstri í fjóra áratugi. Á þeim tíma hafði ekki mörgum komið til hugar að breyting gæti orðið á því fyrirkomulagi. Átti það ekki síður við um ráðamenn en aðra borgara landsins. Það var ekki fyrr en fimmtán árum eftir að ungu mennirnir tveir hófu að huga að sjálfstæðum útvarpsrekstri að frjálst útvarp var viðurkennt. Lögum var breytt og frelsi kom til sögunnar. Þessir ungu og framsýnu menn á þeim tíma eru fyrrverandi borgarstjórnir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Markús Örn Antonsson. Í spjalli við Breiðholtsblaðið rifjar Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson upp þann tíma þegar þeir fengu hugmyndina að frjálsum útvarpsrekstri og hvernig þeir unnu að málinu.

Þeir lögðu nokkra vinnu í þessa hugmynd sína. Markús Örn reifaði hugmyndir sínar um einkarekstur ljósvakamiðla í samkeppni við Ríkisútvarpið í grein sem birtist í Morgunblaðinu 1970. Þeir höfðu samband við ráðamenn hjá ríki og sveitarstjórnun víða um land og ferðuðust til Bretlands til þess að kynna sér útvarpsrekstur í samkeppni við ríkisútvarp BBC. Þessi saga hefur ekki verið mikið til umfjöllunar og eflaust mörgum lítt kunn. Hún segir þó mikið til um tíðarandann á þessum árum.

Pung dagskrá Ríkisútvarpsins

Þegar hugmynd þeirra kviknaði var ein útvarpsstöð í landinu. Ríkisútvarpið sem hóf útsendingar 20. desember 1930. Á þeim fjórum áratugum sem Ríkisútvarpið hafði þá haft einkaleyfi á útvarpsendingum hafði það sent út á einni útvarpsrás. Í fyrstu tíma

úr degi en síðar heilan dag en ekki um nætur. Dagskrá Ríkisútvarpsins þótti mörgum þung. Mikið var um klassíska tónlist en fréttatímar og veðurfregnir voru á ákveðnum tímum. Einkum í hádegi og um kvöldmatartíð. Mikið hafði verið rætt um þunga tónlistarstefnu Ríkisútvarpsins þar sem léttari tónlist og hvað þá dægurtónlist átti ekki upp á borð. Hún mátti þó heyrast í óskalagaþáttum sjómanna og sjúklunga þar sem fólk á sjó og á sjúkrahúsum mátti senda óskir um ákveðin lög ásamt kveðjum til vina og vandamanna. Á Elvis tímabilinu var svo farið að senda út rokktonlist undir heitinu "Lög unga fólksins" klukkutíma í senn einu sinni í viku. Þessi klukkutíma dægurlagaþáttur var á dagskrá Ríkisútvarpsins frá 1958 til 1987 eða í tæpa tvo áratugi. Í Dagblaðinu 23. júlí 1979 mátti lesa frétt um að niðurstöður hlustendakönnunar væru algjört rothögg á klassísku tónlistina. Komið hafi á daginn að fáir hlusti á hana. Aftur á móti væri mikið hlustað á léttu tónlist. Í frétt Dagblaðsins frá þeim tíma sagði m.a. að gaman verði sjá hvernig ráðamenn útvarpsins bregðist við. „Verður niðurstöðunum stungið undir stól? Verður reynt að gleyma þeim? Eða verður rækilega hreinsað til?“, stóð í niðurlagi fréttarinnar.

Lítið gerðist fyrr en með stofnun Rásar 2

Vilhjálmur segir að lítið hafi gerst í þessum málum fyrr en Rás 2 Ríkisútvarpsins var stofnuð 1983. Stofnun Rásar 2 hafi markað ákveðin tímamót þótt einokun ríkisins væri ekki aflétt. Einokunin hvarf ekki fyrr með nýjum lögum sem leyfðu einkarekna útvarps- og sjónvarpsstöðvar sem samþykkt voru á Alþingi 13. júní 1985 og tóku gildi í ársbyrjun 1986. Þessi lög voru samþykkt í kjölfar BSRB verkfalls sem hófst 4. október 1984 og stóð í 27 daga og hafði gríðarleg áhrif á þjóðfélagið. Útsendingar útvarps



Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson ásamt Guðrúni Kristjánsdóttur konu sinni. Vilhjálmur hreyfði fyrstur manna við því að koma hér á fót frjálsum útvarpsrekstri.

og sjónvarps stöðvuðust svo dæmi sé tekið. Þess má geta að prentarar voru einnig í verkfalli á sama tíma og því komu engir prentmiðlar út. Alger fréttu- og upplýsingapurrd var í landinu í nær mánuð og mikið var rætt var um öryggisleysi sem þetta ástand skapaði.

Taldi Ríkisútvarpið ekki sinna staðbundinni fréttapörf

En förum aftur til 1971 og Vilhjálmur hefur orðið. „Í júlí 1971 ritaði ég ýmsum ráðamönnum bréf og óskaði eftir persónulegri skoðun þeirra á því hvort leyfa ætti frjálsum og viðtækari útvarpsrekstur og í hvaða formi hann gæti verið. Í bréfi sem ég ritaði ýmsum

ráðmönnum viðraði ég hugmynd um að ég teldi tímabært að hefja umræður um þetta mál. Ég hafði í hyggju að rita ýtarlega grein um málið og taldi nauðsynlegt að kynna það með nokkrum hætti áður. Ég taldi að Ríkisútvarpið sinnti ekki staðbundinni fréttapörf nægilega vel og heldur ekki þau landshlutablöð sem stjórnmalaflokkar voru að gefa út né dagblöðin sem gefin voru út í Reykjavík.“

Andrés varaði við samanburði við BBC

Voru þið með þá hugmynd að tengja hugsanlegan útvarpsrekstur við bæjarfélög og sveitarstjórnir. „Í bréfinu viðraði ég ákveðnar

hugmyndir. Að eigendur útvarpsstöðva yrðu bæjarfélög og skipuðu bæjarstjórnir á viðkomandi stöðum útvarpsráð. Ég setti fram hugmynd um að útvarp á viðkomandi starfssvæði starfaði fjóra til fimm tíma á hverjum degi með fréttasendingum og auglýsingum að mestu staðbundnum auk þess að flytja blandað tónlist – bæði léttu og klassísku. Einnig yrði efnt til stuttra umræðuþátta er snertu starfssvæði viðkomandi stöðva. Til fróðleiks sendi ég með bréfinu eintök af frumvarpi um frjálsan útvarpsrekstur á Bretlandseyjum sem þá hafði nýlega verið samþykkt í breska þinginu. Af þessu má sjá að ég fór varlega í sakirnar vitandi að ég var að hreyfa við viðkvæmu

Komdu í þægilegt og gott umhverfi við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

Mjóddin



Vilhjálmur Þ. og Markús Örn ræða saman í gegnum tölvu í aðdraganda viðtalsins en Markús Örn dvelur í Hollandi um þessar mundir.

máli. Ég fékk svör frá mörgum og sannast sagna leist fæstum vel á hugmyndina. Í svarbréfi sem þáverandi útvarpsstjóri Andrés Björnsson sendi varaði hann eindregið við öllum samanburði við BBC breska ríkisútvarpið sem hefði að sjálfsgöðu langtum umfangsmeiri rekstur en þann sem hér þekktist. Í bréfinu skrifaði Andrés m.a. að hann leyfði sér að draga í efa gagnsemi þess að útvarpsrekstri hér á landi yrði dreift í hendur fleiri aðila þótt slíkt kynni að vera eðlilegt í landi þar sem íbúar væru 250 sinnum fleiri en hér og búi flestir á þéttbýlissvæðum. Menn vildu ekki horfa út fyrir þann ramma að hér yrði bara eitt ríkisútvarp eða fannst hugmyndin um annað vera fjarlægur draumur.“

Alþingismenn tregir

Vilhjálmur sagði að vert væri að minnast þess að upphaf útvarpsrekstrar hér á landi mætti rekja til einkaaðila. Ottó B. Arnar, loftskýtamaður, hefði verið frumkvöðull á þessu sviði. „Hann gerði fyrstu tilraunir

með útvarpsendingar á Íslandi veturinn 1919 til 1920 og árið 1926 átti hann frumkvæði að stofnun útvarpsstöðvarinnar Hf. Útvarp. Rekstur stöðvarinnar hafi hins vegar verið þungur og hún hætt starfsemi 1927. Þá hafði Alþingi samþykkt frumvarp um stofnun ríkisútvarps og einnig var ákveðið að ríki myndi eiga einkarétt á sölu útvarpstækja sem var upphafið að Viðtækjaverslun ríkisins. Um 1930 þóttu útvarpsendingar framandi, jafnvel dularfullar og ótamdar og mörgum fannst hyggilegast að skella þeim undir stöðugt opinbert eftirlit. Fjórutíu árum síðar, árið 1970 þegar við Markús fórum að huga að þessu máli, hafði fólk náð að kynnast útvarpi og töldum við að tími væri því kominn til að endurskoða afstöðu okkar til útvarpsnotkunar á Íslandi. Á þessum tíma lá frumvarp til nýrra útvarpslaga fyrir Alþingi en í umræðum um málið í þinginu hafi enginn lagt þá skoðun fram að hrófla ætti við einkaleyfi Ríkisútvarpsins til reksturs hljóðvarps og

sjónvarps. Hugmyndir um frjálsar útvarpsstöðvar náðu ekki inn í það enda margir alþingismenn tregir til þess að opna fyrir aðra útvarpsstarfsemi en Ríkisútvarpið.“

Aðrir aðilar æskilegir

Á þessum árum fóru fram miklar umræður um útvarpsrekstur í nágrennanlönðum okkar, á Norðurlöndunum og í Bretlandi. Í greininni sem Markús skrifaði í Morgunblaðið 18. desember 1970 þar sem hann hreyfði þessu máli var hann þó ekki að leggja til að Ríkisútvarpið yrði lagt niður. Hann benti hins vegar á, að aðrir aðilar gætu lagt til æskilegra viðbót í útvarpsþjónustuna. Í greininni nefndi hann að mörgum fyndist útvarpsrekstur ekki merkilegra fyrirbæri en útgáfa dagblaða en ríkisstimpill á þessari tegund fjölmiðlunar villti um fyrir fólk þannig að það teldi útvarpsreksturinn vandasamari en prentmiðlun.

Ríkisútvarpið hafði ekki heimild

Vilhjálmur kveðst hafa talið að stíga yrði fyrsta skrefið í þessu máli þannig að reynsla myndi fást af útvarpsrekstri samhliða Ríkisútvarpinu. Ríkisútvarpið hafi um árabíl einokað öll skoðanaskipti í hljóðvarpi og hægt og sígandi markað þjóðmálaumræðunni ákveðinn farveg sem ekki gæti verið til góðs. „Ég taldi að rekstur útvarpsstöðva ætti að vera í höndum bæjar- og sveitarfélaga til að byrja með. Á meðan verið væri að þreifa sig áfram. Stofnkostnaður þyrfti ekki að vera mikill og auglýsingatekjur gæti staðið undir rekstrinum. Slíkar útvarpsstöðvar gætu þjappað fólk betur saman í byggðum landsins og vakið það einnig til vitundar um eigin hagsmuni. Árið 1974 var lagt fram frumvarp til nýrra útvarpslaga. Við þetta má bæta að árið 1976 sendum

við Markús útvarpsráði erindi þar sem við fórum fram á að okkur yrði veitt leyfi til að reka í tilraunaskyni útvarpsstöð á höfuðborgarsvæðinu undir eftirliti Ríkisútvarpsins. Svárið var í stuttu máli að Ríkisútvarpið hefði enga heimild til að veita slíkt leyfi.“

Bretlandsferð, áhugamannafélag og endalok

Árið 1977 fóru þeir Vilhjálmur og Markús til Bretlands á eigin vegum til þess að kynna sér rekstur frjálsra útvarpsstöðva. Þá höfðu verið leyfðar 19 svokallaðar staðbundnar einkastöðvar í landinu frá árinu 1973 en fram að þeim tíma hafði BBC haft einkaleyfi á útvarpsrekstri. „Við kynntum okkur rekstur tveggja stöðva Radio Clyde í Glasgow og Radio Forth í Edinborg. Við töldum okkur þurfa að afla okkur frekari upplýsinga og þekkingar á rekstri einkarekinnna útvarpsstöðva og nærtækast væri að leita til Bretlands. Bretar höfðu búið við ríkiseinokun á útvarpsrekstri fram til ársins 1973 þegar henni var aflétt. Niðurstöður okkar úr Bretlandförinni var að frjáls útvarpsrekstur væri fjölmiðlun til góðs og með henni fengi almenningur betri upplýsingar. Útvarpsstöðvar leituðust við að bjóða upp á gott efni í samkeppni um auglýsingar. Í framhaldi af þessu tókum við þátt í stofnun áhugamannafélags um frjálsan útvarpsrekstur. Tilgangur þess var að koma umræðunni um þessi mál á fastan grundvöll og til að þeim sem vildu fjalla um frjálsan útvarpsrekstur gæfist kostur á að kynna sér reynslu Breta. Umræður um þessi mál höfðu að okkar dómi byggst á vanþekkingu á staðreyndum.“

Breytingar komar í farvatnið

Menntamálaráðherra skipaði

nefnd til að endurskoða útvarpslögin árið 1981. Markús hafði verið kjörinn í borgarstjórn Reykjavíkur árið 1970 og þegar nefndin var skipuð átti Markús sæti í útvarpsráði Ríkisútvarpsins. „Í nóvember 1981 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur tillögu hans um að beina þeirri áskorun til Alþingis að afnema einkarétt Ríkisútvarpsins til rekstrar útvarps og sjónvarps. Tillöguna lagði Markús fram í eigin nafni og greiddu allir borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins henni atkvæði auk Sjafnar Sigurbjörnsdóttur, borgarfulltrúa Alþýðuflokksins. Einn af fulltrúum Alþýðubandalagsins greiddi atkvæði á móti. Aðrir borgarfulltrúar sátu hjá. Þetta var til marks um að breyting á útvarpslögum í veigamiklum atriðum var komin á umræðustig hjá stjórn málamönnum og grundvallarbreytingar áttu fylgi að fagna.“

Nauðsynlegt að rifja söguna upp

Umræðan hélt áfram en það var ekki fyrr en með lögum nr. 68 frá 27. júní 1985 sem einkaréttur Ríkisútvarpsins til útvarpsendinga á Íslandi var afnumin einum og hálfum áratug eftir að þeir Vilhjálmur og Markús fóru að hreyfa við þessu máli. Yngri kynslóðir þekkja ekki Ísland án frjálsra útvarpsendinga. Mörgum af yngra fólk mun eflaust finnast fátíðlegt að búið hafi verið við eina ríkisrekna útvarpsstöð sem sendi að mestu út fremur þunglamalegt talmál og klassíska tónlist fyrir aðeins um fjórum áratugum. Umhugsunarvert er að flestir ráðamenn og verulegur hluti almennings einkum þeir eldri voru tregir að víkja af þessari braut. Því er nauðsynlegt að rifja þessa baráttusögu þeirra Vilhjálms og Markúsar upp.

MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson hdl. og löggiltir fasteignasalar



Jón Rafn Valdimarsson lögg. fasteignasali Sími: 695 5520



Ólafur Finnbogason lögg. fasteignasali Sími: 822 2307



Bryndís Alfreðsdóttir lögg. fasteignasali Sími: 569 7024



Gunnar S. Jónsson lögg. fasteignasali Sími: 899 5856



Gunnar Helgi Einarsson lögg. fasteignasali Sími: 615 6181



Þórunn Pálsdóttir lögg. fasteignasali Sími: 773 6000



Ásgrímur Ásmundsson hdl. og lögg. fasteignasali Sími: 865 4120



Þróstur Þórhallsson lögg. fasteignasali Sími: 897 0634



Jörunn Skúladóttir lögg. fasteignasali Sími: 845 8958



Axel Axelsson lögg. fasteignasali Sími: 778 7272



Atli S. Sigvarðsson lögg. fasteignasali Sími: 899 1178



Svan G. Guðlaugsson lögg. fasteignasali Sími: 697 9300



Jason Ólafsson lögg. fasteignasali Sími: 775 1515



Páll Þórólfsson aðstm. fasteignasala Sími: 893 9929



Helgi Jónsson aðstm. fasteignasala Sími: 780 2700



Hilmar Jónsson lögg. fasteignasali Sími: 695 9500



Ragneiður Pétursdóttir hdl. og löggiltur fasteignasali



Harpa Rún Glad hdl. og löggiltur fasteignasali

Fasteignasalan
Miklaborg

Lágmúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 7000
www.miklaborg.is

Með þér alla leið

Carolina Caspa og Hélène Onno

Í samstarf við Borgar- bókasafnið í Gerðubergi



Carolina Caspa og Hélène Onno munu starfa með Borgarbókasafninu í Gerðubergi í vetur.

Carolina Caspa og Hélène Onno munu hefja skapandi samstarf við Borgarbókasafnið í Gerðubergi í byrjun næsta árs og þróa verkefni sitt sem Þær kalla Tell Me í safninu. Verkefnið snýst um að deila sögum og sögnum. Verkefni sem tengist fjölmenningu.

Carolinu Caspa og Hélène Onno lýsa hugarsmíð sinni með eftirfarandi hætti: „Við viljum skapa alþjóðlegt frásagna-samfélag sem samanstendur af listafólki, sögumönnum og áheyrendum á mismunandi aldri og með ólíkan bakgrunn sem hafa áhuga á að segja sögur og miðla sögnum sem eru þeim mikilvægar og tengjast þeirra löndum, æsku eða varpa ljósi á hugmyndir þeirra og vægi þess að eiga heima einhvers staðar og því að tilheyra. Bæði með rituðum og munnlegum frásögnum, samtölum og umræðum viljum við skapa upplifun af því að tilheyra og grunn sem varpar ljósi á mynstur sem tengja okkur saman. Við viljum safna saman fjölbreyttum sögum á fjölmörgum tungumálum og komast að því hvaða sögur það eru sem skapa íslenskt samfélag eins og það er í dag.“

Lóðir í Breiðholti

Verða vistvænir þróunarreitir

Lóðir við Arnarbakka, Völvufell og Suðurfell í Breiðholti eru á meðal svæða þar sem Reykjavíkurborg áformar að leggja til spennandi þróunarreitir í nokkrum hverfum og hvetja þannig til vistvænnar uppbyggingar. Borgaryfirvöld hafa auglýst eftir skapandi hugmyndum að íbúðarhúsnæði framtíðarinnar þar sem grænar lausnir verða í forgrunni.

Í frétt frá Reykjavíkurborg kemur fram að á undanförunum árum hafi borgin unnið að nýjum lausnum í húsnæðismálum. Annars vegar með verkefninu um hagkvæmt húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur þar sem verið er að þróa og byggja íbúðir á ný reitum víðsvegar um borgina. Hins vegar með þátttöku í verkefninu „Reinventing cities“ þar sem lykilorðir í borginni eru þróaðir samkvæmt lausnum á sviði sjálfbærni, umhverfisgæða og minna kolefnisfótspors. Í fréttinni segir einnig að á sama tíma og mikil þörf sé fyrir íbúðarhúsnæði þá skilji



Verslunarmiðstöð við Arnarbakka. Nú er horft til uppbyggingar á svæðinu bæði í verslunar- og þjónustuhúsnæði og íbúðabyggingu.

byggingariðnaðurinn eftir sig stórt kolefnisfótspor. Það er því þörf á skapandi lausnum þar sem grænar lausnir framtíðarinnar eru í forgrunni. Til framtíðar viljum við sjá grænt borgarumhverfi, sem býður

upp á grænan lífsstíl í samgöngum, borgarbúskap/matjurtarækt, endurvinnslu og sorplausnum, blágrænum ofanvatnslausnum, svo dæmi séu tekin“.

Okið í Gerðubergi opnar að nýju

Fatahönnun og verksmiðja á meðal verkefna

Okið í Borgarbókasafninu í Gerðubergi er opið aftur á ný og býður nú upp á úrval skemmtilegra smiðja og viðburða. Ungmennum býðst meðal annars að læra að nota vínyskera og prenta eigin hönnun á boli eða peysur. Í smiðjunni læra ungmennin að aðlagða hönnun sína fyrir vínyskurð og pressa hana á fötin. Efni til að vinna með verður á staðnum en það má einnig mæta með eigin boli eða peysur.

Textílhönnuðurinn og listakonan

Ýr Jóhannsdóttir stýrir skapandi fataviðgerðarsmiðju þar sem nemendur gera tilraunir með hvernig hægt er að laga og breyta gömlum flíkum með afli hugmyndaflugsins og handverks. Í smiðjunni er farið í saumana á því hvernig hægt er að gefa gömlum fötum nýtt líf og merkingu, með sagnalist, teikningu, þræði og leik. Þátttakendur þurfa ekki neinn sérstakan grunn í textíl og eiga aðferðirnar sem notast verður við að vera öllum aðgengilegar og nýttast í framtíðar



Á myndinni má sjá hvernig myndum er komið fyrir á boli.

listsköpun og fataviðgerðir. OKID er á efri hæð Gerðubergs og hámarksfjöldi þátttakenda á námskeið er 15 manns. Borgarbókasafnið býður upp á fjölbreyttar sumarsmiðjur fyrir börn og ungmenni í sumar. Þessi smiðja fer fram í Okinu í Gerðubergi þar sem lögð er áhersla á að skapa vettvang fyrir ungmenni til sköpunar, fræðslu, sjálfstæðis og skemmtunar.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi



SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og

ræðum skipulag útfarar ef óskað er

www.utforin.is



Sverrir Einarsson



Jóhanna Eiríksdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



**Breiðholtsbúar: Ökuskólinn í hverfinu ykkar.
Auk hefðbundins réttindanáms bíður Ökuskólinn í Mjódd
upp á eftirfarandi fjölda námskeiða m.a.**

- B-réttindi á íslensku, pólsku og ensku
- Námskeið vegna akstursbanns
- Bifhjólanámskeið
- Meiraprófnámskeið
- Afleysingamannanámskeið á leigubíl og Atvinnuleyfishafanámskeið í samvinnu við Samgöngustofu
- Endurmenntun Atvinnubílstjóra



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300. Opið 10-17 alla daga.

MotorMax

Smurstöð

Opnunartímar

Virka daga 07:45 til 17:00

**ENGAR
TÍMAPANTANIR!**

Motormax er þjónustufyrirtæki í glæsilegu húsnæði að Vatnagörðum 12.

Við leggjum áherslu á smurþjónustu og bílaprif. Renndu við engar tímapantanir í smurþjónustu.

Tímabókanir fyrir bílaprif í síma 545 4040 og á: motormax@motormax.is



Motormax ehf.
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040

motormax@motormax.is

Nýtt deiliskipulag fyrir Rauðhóla



Frá Rauðhólum.

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar hefur ákveðið að auglýsa tillögu um nýtt deiliskipulag fyrir Rauðhóla, en svæðið var fyrst friðlýst árið 1974 ásamt aðliggjandi svæði í kringum Heiðmerkurveg yfir brúna að Helluvatni sem fólkvangur.

Í tillögunni eru aðalleiðir gangandi og ríðandi um svæðið festar inn á skipulagsáætlun. Þá er nýtt bílastæðahólf skilgreint sem upphafsstaður fyrir aðkomu inn í Rauðhólana fyrir þá sem koma akandi að svæðinu.

Fólkvangurinn er í heild 1,3 ferkílómetrar að stærð, en það er innan borgarluta Árbæjar auk þess að ná að hluta inn á jörðina Elliðavatn sem er í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Nær deiliskipulagið aðeins út fyrir jaðar fólkvangsins og er samtals um 145 hektarar að stærð.

Hvatningarverðlaun skóla og frístundaráðs

Breiðholt kemur mjög vel út

Á dögnum var Menntastefnumót Reykjavíkurborgar og af því tilefni voru veitt hvatningarverðlaun skóla og frístundaráðs ásamt því sem tilkynnt var um fyrirmyndarstarfsstaði skóla og frístundasviðs. Markmið hvatningarverðlaunanna er að vekja athygli á því gróskumikla starfi sem fram fer í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Þau eiga að veita starfsfólki hvatningu, ásamt því að viðhalda og stuðla að nýbreytni- og þróunarstarfi. Þá eru þau viðurkenning á vel unnu verki og staðfesting þess að starfið sé fyrirmynd annarra. Að þessu sinni var starfsfólk Miðbergs að uppskera ríkulega og hlutu eftirfarandi viðurkenningar:

Félagsmiðstöðin Hundrad&ellefu er í hópi fyrirmyndarstarfsstaða skóla og frístundasviðs Reykjavíkurborgar árið 2021. Til grundvallar valinu er meðaleinkunn matsþátta úr viðhorfskönnun borgarinnar 2021 en þar er horft á 4 yfirþætti sem eru: Hæfir og áhugasamir starfsmenn, árangursríkir stjórnunarhættir, starfsánægja og hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi.

Félagsmiðstöðin Hólmasel fékk hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur fyrir kynfræðslu í Seljahverfinu. „Við erum ótrúlega þakklát og ánægð að fá þessi verðlaun fyrir verkefni sem er okkur mjög kært. Það er ótrúlega gefandi að koma inni báða skólana og fá tækifæri til að fræða og ræða við unglíngana í hverfinu um þennan mikilvæga málaflokk. Skólarnir eiga helling í þessu, samstarfið milli okkar allra er ótrúlega dýrmætt og mikilvægt fyrir hverfið í heild sinni.“

Góð hvatning fyrir Bakkahverfið

Frístundaheimilið Bakkasel, félagsmiðstöðin Bakkinn, Breiðholtsskóli og leikskólarnir í Bakkahverfinu hlutu hvatningarverðlaun skóla og frístundaráðs fyrir samstarfsverkefnið Það þarf þorp... sem miðar að því að breyta vinnubrögðum, kennslu og samstarfi alls skóla- og frístundastarfs í hverfinu með það að markmiði að breyta mynd hversfisins og mæta betur þörfum allra barna.

Félagsmiðstöðvarnar í Breiðholti fengu líka hvatningarverðlaun Samfés fyrir Félagsmiðstöðvarstarf án aðgreiningar.

Það er óhætt að segja að þetta hvetji okkur í Miðbergi áfram til góðra verka og erum við að springa úr stolti yfir þessu flotta fólki.

Hjá Miðbergi starfar urmull af hæfileikaríku fagfólki sem gerir sitt besta á hverjum degi til að stuðla að velferð barna og ungmenna í Breiðholti.



www.breidholt.is



Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smiðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 11-16
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

RECARO
Barnabílstólar í úrvali





BÍLASMÍÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Tækniskóli ungra fólksins
12-16 ára

Ljósmyndun



Fatasaumur



Tæknihönnun



Forritun í Unity 3D



AS WE GROW

Umhverfisvæn íslensk hönnun



WWW.ASWEGROW.IS
GARDASTRÆTI 2 REYKJAVÍK

Miklar breytingar í verslun Bónus í Hólagarði

Miklar breytingar hafa verið gerðar í verslun Bónus í Hólagarði að undanfögnu. Stærsta breytingin felst í nýjum afgreiðslukössum og einnig hafa verið settir upp sjálfssölu-kassar sem nú eru að ryðja sér til rúms í verslunum. Nú eru sex sjálfafgreiðslukassar í versluninni. Ewelina Okurowska verslunarstjóri segir að flestir viðskiptavinir hafi tekið þessari nýjung vel, séu ánægðir og flestir farnir að venjast henni. Starfsfólk verslunarinnar hefur lagt áherslu á að kenna fólki að nota nýju afgreiðslukassana. Sérstakur starfsmaður er alltaf á staðnum við sjálfafgreiðslukassana og leiðbeinir fólki og aðstoðar þegar það óskar. Alltaf verða þó einhverjir sem kjósa gamla fyrirkomulagið. Fremur eldra fólk en þeir kassar af eldri gerðinni eru einnig til staðar. Fólk getur því bara valið.

Þessi breyting hefur ekki haft nein áhrif á fjölda starfsfólks. Jafn margir vinna í verslun Bónus í Hólagarði og áður. Með breytingunni getur fleira fólk sinnt öðrum störfum í versluninni. Þar á meðal að raða í hillur, þrifa þær og sjá til þess að allt sé þar í röð og reglu enda hefur verið aukið við hillupláss samfara auknu vöruúrvali. Nýjum samlokukæli hefur verið komið upp því aukið úrval af skyndiréttum og smá-réttum er hluti af bættari þjónustu verslunarinnar. Fólk er oft að flýta sér og finnst þægilegt að geta gripið eitthvað með sér sem fljótlegt er að matbúa eða er jafnvel tilbúið og hægt að borða strax í bílnum. Einnig hefur verið lögð meiri áhersla á grænmeti. Þess er gætt að vera alltaf með nýtt og ferskt grænmeti og það nýjasta auk þess er að nú hafa verið settar nýjar hillur og kælar fyrir vegan matvöru. Fleira og fleira fólk kysir vegan fæði og hefur verið komið til móts við óskir þess og þarfir.

Nýr aðgangur að versluninni

Fleira hefur verið lagfært og endurbætt í verslun Bónus í Hólagarði. Búið er að endurnýja aðgang að versluninni. Setja upp nýjar hurðir og aðskilja inn- og útgang. Einnig er búið að skipta um frystikistur og hurðir á kælum. Er það gert til þess að spara raforku og í því sambandi hefur líka verið sett upp ný lýsing. Lýsingu sem tekur minni orku og lýsir betur upp en



Nýjar kistur, nýjar hillur og bjart yfirbragð einkenna verslun Bónus í Hólagarði.



Starfsfólk í verslun Bónus í Hólagarði. Ewelina Okurowska verslunarstjóri er í miðju á myndinni.

hin eldri. Verslunin hefur verið máluð í björtum mildum litum og lagersvæði og síðast en ekki síst starfsmannaástaða hafa verið endurbætt. Flest starfsfólk er búið að vera um tíma hjá fyrirtækinu og starfsmannavelta

því lítil. „Mikilvægast er að bjóða viðskiptavininum sem besta þjónustu,“ segir Ewelina Okurowska verslunarstjóri í Bónus í Hólagarði.

Sumarið komið í Fella- og Hólakirkju

Heimur hlýnar hjartað mitt nefnast vortónleikar sem haldnir verða í Fella- og Hólakirkju laugardaginn 5. júní nk. Vorið og sumarið verða í fyrirrúmi og kórinn mun flytja hlýleg lög sem tengjast þessum árstíma þegar bjartar nætur eru að hefjast.

Meðal laga sem flutt verða má nefna: Þessi fallegi dagur, Vorið kemur, Sólsetursljóðin og Sóleyarkvæði. Einsöngvarar verða Kristín R. Sigurðardóttir, Inga J. Backman, Garðar Eggertsson og Reynir Þormar Þórisson. Matthías Stefánsson leikur á fiðlu og stjórnandi og píanóleikari Arnhildur Valgarðsdóttir kórstjóri og organisti. Tónleikarnir verða án hlés og taka um klukkustund og korter. Tekið verður á móti gestum í vorstemningu



Kór Fella- og Hólakirkju.

með hugljúfum harmonikkuleik. Laugardaginn 5. júní kl. 16. Aðgangur kr. 2.000, en fyrir eldri

borgara og öryrkja kr. 1.000. Frítt fyrir börn 12 ára og yngri.

Símahulstur og veski fyrir flestar gerðir farsíma



aukahlutir.is

AUKAHLUTIR
netverslun

við eigum skjávarnir fyrir flestar gerðir farsíma



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053



Veiðitímabilið hefst 1. apríl!
Ertu búinn að fá þér Veiðikortið?

Frelsi til að veiða!

8.900 kr

Fæst hjá N1, OLIS, veiðibúðum og veidikortid.is

Jasmina til hverfisverkefna í Breiðholti



Jasmina Vajzovic Crnac starfsmaður á Þjónustumiðstöð Breiðholts.

Jasmina Vajzovic Crnac er ný ráðinn starfsmaður í Þjónustumiðstöð Breiðholts. Hún starfar sem verkefnastjóri hverfisverkefna Breiðholts. Verkefni sem hún er með eru mjög fjölbreytt og þau tengjast öll á einn og annað hátt fjölmenningu í Breiðholti. Eitt af verkefnum sem hún stýrir akkúrat núna er svokallað Sendiherra verkefni. Það verkefni fór af stað í vor og snýr í stuttu máli að því að tengja Þjónustumiðstöð Breiðholts betur við ýmskonar menningar-hópa frá ólíkum löndum sem búa í Breiðholti. Til að mynda þá er búið að mynda tengsl og tilnefna nokkra fulltrúa sem gegna sendiherrastöðu sem koma frá ýmsum löndum svo sem Albaníu, Rúmeníu, Tælandi, Póllandi, arabísku- og spænskumælandi fólks.

Markmið með þessu verkefni er að efla upplýsingamiðlun til íbúa af erlendum uppruna en einnig að tryggja að þau fái tækifæri til að koma á framfæri skoðunum og hugmyndum sínum til Þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Áhersla í verkefninu er lögð á að bæta leiðir til að miðla upplýsingum til erlendra íbúa, að stuðla að frekari virkni með því að bæta þátttöku erlendra íbúa í hverfisþróun og viðburðum. Þetta er einnig mikilvægt til að betrum bæta þjónustu og virkja lýðræði innan þessara hópa. Lykillinn að góðu samfélagi er að nýir Breiðholtsbúar finni að þeir tilheyra og að þeir séu hluti af samfélaginu okkar. Inngilding (e. inclusion) er mjög mikilvæg bæði fyrir erlenda sem og íslenska hópa. Þannig gerum við gott samfélag en betra.

En hvaðan kemur Jasmina?

Jasmina er fædd og uppalin í Bosnía og Hersegóvínu og þar bjó hún til 15 ára aldurs. Árið 1996, eftir að stríðinu lauk í heimalandi hennar kom hún til Íslands ásamt foreldrum sínum og yngri bróður. Þau settust að í litlum bæ á Norðurlandi og fóru að vinna í fiski. Áður en Jasmina kom til Íslands var hún barn á flóttu undan stríði í sínu heimalandi ásamt foreldrum sínum. Fjölskylda hennar var ofsótt vegna þjóðernis og líf fjölskyldunnar var erfitt í stríðsástandinu. Ástandið á þeim

tíma var mjög þungt og litaðist af ótta alla daga. Sprengjur, vopnaðir hermenn, hungursneyð, andlegt og líkamlegt ofbeldi, skortur á vatni og rafmagn var dagleg brauð í fjögur ár. Hún var mjög fegin og ánægð að komast til Íslands sem innflytjandi og að geta farið að vinna. Móttökurnar á Íslandi voru stórkostlegar fyrir hana og fjölskyldu hennar. Til að mynda tóku allir bæjarbúar sig saman og gerðu upp íbúðina

fyrir þau og íbúarnir tóku á móti þeim með opnum örmum. Jasmina fékk ný tækifæri og síðar kláraði hún að mennta sig á Íslandi, stofnaði fjölskyldu og settist að hér til frambúðar. Hún er stjórn málafræðingur að mennt með diplómu í opinberri stjórnsýslu. Hún er gift fjöggra barna móðir sem elskar að starfa í þágu samfélagsins og þjónusta innflytjendur, flóttafólk og alla viðkvæma hópa sem hafa ekki

málsvara. Hún leggur ofur áherslu á það að allir eigi rétt á að vera hluti af samfélaginu og til þess að það verði þá þurfa allir að vera vel upplýstir. Við þurfum að vinna betur að samlögun og það á ekki bara við um innflytjendur að innflytjendur þurfi að aðlagast Íslendingum heldur líka öfugt. Við þurfum öll að læra af hvort öðru og reyna að kynnast fólki og þeirra menningu sem búa í kringum okkur. Samlögun er

ekki ein stefna heldur samvinna á milli allra aðila og þá sköpum við fjölmennningarlegt og gott samfélag þar sem öllum líður vel.

Gamla Kaffihúsið

Kíktu til okkar og leyfðu okkur að sjá um matinn.

| Nautarsteik | Piri Piri kjúklingur | Steikarloka |
|-------------|----------------------|-------------|
| 2990,- | 2480,- | 2100,- |



HJÁLPARSÍMI RAUÐA KROSSINS

1717



- Opinn allan sólarhringinn
- Upplýsingar um úrræði
- Alveg ókeypis (líka úr gsm)
- Kemur ekki fram á símreikning
- Fullur trúnaður
- Ef þér líður illa – ef þú átt í vanda

Húsfélag hjá okkur er ekki hausverkur

„Það verður sífellt algengara að húsfélög í fjölbýlishúsum fyrir heldri borgara, eins og við köllum gjarnan þessi félög, fái okkur hjá Eignaumsjón til að sjá um rekstur sinna fasteigna og tengda þjónustu, segir Páll Þór Ármann, forstöðumaður þjónustusviðs Eignaumsjónar. „Fjöldmörg slík hús eru nú þegar í þjónustu hjá okkur og við mótum og sníðum hana eins og hverju húsfélagi hentar. Við erum í raun skrifstofa viðkomandi félags og sjáum til þess að rétt sé staðið að öllu í rekstrinum!“



Páll Þór Ármann.

Eignaumsjón hf. býr að 20 ára þekkingu og reynslu á sínu sviði og er leiðandi í rekstrarumsjón og þjónustu við húsfélög og rekstrarfélög atvinnuhúsa á Íslandi. Félagið hefur vaxið ört á síðustu árum og sér nú um rekstur um 700 félaga með um 15.000 íbúðum eða eignarhlutum.

Auðveldum störf formanns og stjórna húsfélaga

„Allir sem hafa setið í stjórn húsfélaga vita að störf stjórnarmanna eru bæði krefjandi og oft vanmetin hvað varðar vinnuframlag, umfang og ábyrgð,“ segir Páll og bætir við að rekstur húsfélaga geti líka verið viðkvæmur fyrir gagnrýni félagsmanna. „Áralöng reynsla okkar hjá Eignaumsjón, mikil sérþekking starfsfólks og fastmótaðir verkferlar tryggja að við leysum hin fjölbreyttustu vandamál fyrir viðskiptavinum okkar á bæði faglegan og persónulegan hátt. Við finnum lausnir á flestum málum sem upp koma í rekstrinum og auðveldum þannig með faglegum stuðningi störf formanns og stjórna, þannig að húsfélagið verður ekki neinn hausverkur!“

Eignaumsjón sér um innheimtu allra gjalda fyrir húsfélög sem eru í þjónustu hjá félaginu og hefur líka umsjón með öllum greiðslum, færslu bókhalds og gerð ársreikninga. „Við sækjum líka um endurgreiðslu virðisaukaskatts og má t.d. nefna að á nýliðnu ári sóttum við um endurgreiðslu á hátt í 400 milljónum króna fyrir félög í þjónustu Eignaumsjónar vegna áþáskins Allir vinna.“

Páll segir það líka oft vanmetið hve mikill tími og vinna fer í að halda utan um fundi húsfélaga. „Við tökum að okkur að sjá um allt sem snýr að bæði aðalfundum og húsfundum, þar á meðal undirbúning og frágang fundargagna, fundarboð, fundarstjórn og ritun fundargerðar. Einnig veitum við ráðgjöf þegar vafa- og deilumál koma upp í húsfélaginu en þá getur skipt sköpum að hafa hlutlausan aðila til ráðgjafar til að stuðla að betri og hreinskiptari samskiptum íbúa,“ bætir Páll við og talar þar af reynslu hafandi starfað hjá Eignaumsjón í áratug.

Góð samskipti og betri kjör í krafti fjöldans

Mikið er lagt upp úr lausnamiðuðum og góðum samskiptum við viðskiptavinum hjá Eignaumsjón og áhersla lögð á skýra verkferla, skjót svör og teymisvinnu. Eftir 20 ára starfsemi býr félagið líka yfir yfirgrípsmikilli þekkingu og reynslu, sem kemur svo sannarlega að góðum notum þegar aðstoða þarf stjórnir húsfélaga við lausn aðsteðjandi verkefna eða útvega ýmiskonar þjónustu á hagkvæmstu kjörum hverju sinni.

„Við útvegum iðnaðarmenn og sjáum um samskipti við þá, aðstoðum við tryggingamál, öflum tilboða í þríf á sameign, sorp- og bílageymslu og fáum tilboð í lóðaumsjón, hvort sem um er að ræða slátt, garðvinnu, snjómokstur eða annað. Við komum einnig með tillögum að hússjóðs- og framkvæmdagjöldum, leitum tilboða í úttekktir, gerum yfirlýsingar húsfélaga um stöðu seljanda hjá húsfélaginu við fasteignaviðskipti, semjum um umtalsverða aflsætti, s.s. af raforku, þjónustu öryggisfyrirtækja, lögfræðiþjónustu og mörgu fleira.“

Húsumsjón léttir lífið

Húsumsjón getur líka verið áhugaverður kostur fyrir húsfélög í fjölbýlishúsum fyrir eldri borgara. Þá fara fagmenn Eignaumsjónar með reglulegum hætti yfir ástand sameignar og búnaðar viðkomandi húseignar, gera nauðsynlegar úrbætur og fylgjast með orkunotkun og öðrum kerfum og búnaði í húsinu sem þarf að vera í góðu lagi.

„Allir sem þekkja rekstur húsfélaga, vita að full þörf er á reglubundnu eftirliti með daglegri umhirðu og ástandi sameignar, innanhúss sem utan, bæði til að lækka viðhaldskostnað og til að tryggja að ástand fasteignarinnar sé eins og best verður á kosið,“ segir Páll Þór Ármann, forstöðumaður þjónustusviðs Eignaumsjónar, að lokum.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Breiðholtsskóli

Heimsókn í Miðstöð útivistar og útináms

Úti er ævintýri var hluti af skólastarfi unglíngastígs Breiðholtsskóla í maí. Nemendur heimsóttu meðal annars Miðstöð útivistar og útináms þar sem boðið var upp á skemmtilega og fræðandi dagskrá tileinkað skóla- og frístundastarfi í Reykjavík undir nafninu Neysluveislan.

Vordagskrá þeirra er tileinkuð unglíngastígi og ber heitið, Neysluveislan. Neysluveislan er umhverfismiðaður og skemmtilegur snjall-rattleikur sem tekur fyrir málefni ábyrgar neyslu og framleiðslu. Efni dagskrárinnar er tileinkað umhverfismálum með sérstakan fókus á tólfta heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Verkefnið tekur á vistfræðilegum fótsporun helstu neysluflokka einstaklinga og veltir upp hvað við getum gert til að gera lífnaðarhætti okkar sem sjálfbærasta.



Neysluveislan er umhverfismiðaður og skemmtilegur snjall-rattleikur.



Gróðrarstöðin Storð flytur í Laugarásinn

Gróðrarstöðin Storð flytur nú starfsemi sína, eftir 25 ár í Kópavoginum, austur í Laugarás í Bláskógabyggð.

Gróðrarstöðin Storð framleiðir og selur allar gerðir garðplantna, tré, runna, rósir, fjölærar plöntur, sumarblóm og matjurtir.

Sérstök áhersla er lögð á að framleiða heilbrigðar og hraustar plöntur sem standast álag íslenskrar veðráttu.

Bjóðum núverandi og nýja viðskiptavinum velkomna í Laugarásinn í vor og sumar.

Komdu í Gróðrarstöðina Storð og njóttu svo sumarsins í litríkum blómagarði heima.



islenskar
garðplöntur

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir formaður borgarráðs skrifar

Byggjum upp betri borg

Ársreikningur Reykjavíkurborgar liggur nú fyrir. Síðasta ár fór ekki, hjá neinu okkar, eins og við höfðum ætlað í upphafi árs. Faraldurinn sá til þess. Það átti við áætlanir Reykjavíkurborgar eins og annarra. Tekjur urðu minni en reiknað hafði verið með, vegna þess að því miður jókst atvinnuleysi verulega í Reykjavík. Útgjöldin jukust hins vegar því það þurfti að bregðast hratt við til að tryggja nauðsynlega þjónustu, þrátt fyrir sóttvarnartakmarkanir. Víða þurfti líka að auka við þjónustu, eins og við barnavernd.

Fyrir ári síðan stóð borgarráð allt, þvert á flokka, saman að því að vilja aðstoða heimilin og fyrirtækin í Reykjavík á erfiðum tímum. Við í meirihlutanum settum okkur þá stefnu við fjárhagsáætlun þessa árs að gefa í við nauðsynlegar framkvæmdir og taka stór græn skref til framtíðar. Nú er tíminn fyrir framkvæmdir og fjárfestingar.

Fjárfestum í leikskólum og skólum

Við erum ákveðin í að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla. Að undanfögnu höfum við keypt og leigt húsnæði fyrir nýja leikskóla auk þess sem ákveðið hefur verið að breyta húsnæði í eigu borgarinnar í leikskóla. Það þarf að bæta nýjum leikskólum í ný hverfi, þar sem margt ungt fólk hefur flutt, opna ungbarnadeildir og byggja við eldri leikskóla. Í apríl samþykkti borgarráð að koma fyrir færanlegum leikskólum í þeim hverfum þar sem biðlistarnir eru lengstir hverju sinni og koma á leikskólarútum sem tengja börnin betur við útivist og náttúru. Það verður mjög spennandi að sjá hvernig þessi verkefni þróast. Við munum svo halda áfram að endurgera grunn- og leikskólalóðir samkvæmt forgangsröðun. Í síðasta mánuði samþykkti borgarráð að veita um 500 milljónum í endurgerð og lagfæringar á 18 leik- og grunnskólalóðum. Þar á meðal í Breiðholtsskóla og Hálsaskógi. Þá er verið að reisa 4220 m² íþróttahús á tveimur hæðum á svæði ÍR í Suður Mjódd sem mun mæta kröfum til keppni í handbolta og körfubolta, auk þess sem svigrúm verður til iðkunar og keppni í fleiri greinum.

Ný torg rísa

Breiðholtsbúar hafa sýnt hvað þeim þykir vænt um hverfið sitt með því að taka mjög virkan þátt í samráði um hverfisskipulag fyrir Breiðholt, sem er enn í vinnslu. Síðasta sumar lagði mikill fjöldi fólks ferð sína í Gerðuberg og Mjódd, þar sem starfsmenn umhverfis- og skipulagssviðs sátu fyrir svörum um vinnutillögur að hverfisskipulaginu. Ég fékk þá líka að ganga með í fjölmennri hverfisgöngu um Breiðholt, undir leiðsögn starfsmanna sviðsins, þar sem ýmsar hliðar tillagnanna voru kynntar. Nú er hverfisskipulag bráðum að fara í kynningu og nálgast þá að verða samþykkt skipulag fyrir hverfið. Með hverfisskipulagi verður það mun einfaldara fyrir Breiðholtsbúa að óska eftir breytingum á sínu húsi og markmiðið með skipulaginu er að stuðla að enn betri hverfisbrag, þar sem nærpjónusta getur blómstrað. Vonandi hafa Breiðholtsbúar notið nýrra torga í Mjódd. Með framkvæmdunum er búið að setja snjóbræðslu á helstu gönguleiðir, planta gróðri og gera torgin líflegri með lit og lýsingu. Nú má sjá ljósalistaverk í mörgum litum og skemmtileg

túlpana sæti, sem hægt er að hvílast á og njóta torgsins.

Borgarsjóður stendur vel

Stór orð hafa verið uppi um skuldastöðu Reykjavíkurborgar, sem segja ekki nema brot af myndinni. Reykjavíkurborg er öflugt sveitarfélag sem hefur góða burði til að auka við fjárfestingar og örva atvinnulífið. Skuldir sveitarfélaga eru takmörkuð af sveitarstjórnarlögum við 150%

skuldaviðmið. Í ársreikningi 2020 er skuldaviðmið Reykjavíkurborgar 88%. Af öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu er skuldaviðmið Garðabæjar 71%, Mosfellsbæjar 100%, Hafnarfjarðar 101% og Kópavogs 105%.

Lægstu skuldir á höfuðborgarsvæðinu

Ef einungis er litið til þess hluta borgarinnar sem er fjármagnaður með skatttekjum

og sinnir almennri þjónustu við borgarbúa (A-hluta) er hlutfallið enn lægra og er skuldahlutfall Reykjavíkurborgar lægst á öllu höfuðborgarsvæðinu. Skuldir Reykjavíkurborgar, þegar hlutur Orkuveitunnar er meðtalinn, hljóma kannski háar. En á móti koma 730 milljarða eignir borgarinnar og eru hreinar eignir á hvern íbúa hvergi hærri á höfuðborgarsvæðinu. Vegna þessarar góðu stöðu ætlar Reykjavík að fjárfesta og framkvæma



Pórdís Lóa Þórhallsdóttir.

meira á þessu ári en áður, alls fyrir um 28,6 milljarða sem erum um 9 milljarða kr. hækkun frá árinu 2020. Skiptir þar mestu byggingaframkvæmdir fyrir 13 milljarða og gatna og umhverfisframkvæmdir fyrir 11 milljarða. Gleðilegt sumar í dásemdargöngu borginni okkar.



Of mikið sumar?

Flynise – 24 klukkustunda virkni við ofnæmi

Flynise filmuhúðaðar töflur innihalda 5 mg af virka efninu desloratadíni og er ofnæmislyf sem er ætlað til meðferðar á einkennum ofnæmiskvefs og ofsakláða. Flynise er ætlað fullorðnum og unglíngum 12 ára og eldri og er áhrifaríkt við að draga úr einkennum ofnæmiskvefs eins og hnerra, nefrennsli og kláða í nefi, ásamt augnkláða, tárarennslu og roða í augum og kláða í efri góm. Lyfið er til inntöku og á að gleypa töfluna heila. Kynnið ykkur notkunarleiðbeiningar, varnaðarorð og frábendingar áður en lyfið er notað. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafraeðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is. Markaðsleyfshafi Actavis Group PTC ehf.

HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

Verjum gæðatíma með börnunum okkar

Í nýjum árlegum niðurstöðum úr rannsóknum á líðan barna og unglunga í Breiðholti kemur fram að hlutfallslega færri unglungum gengur vel að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum en fyrir ári síðan og einnig að hlutfallslega færri unglungar en í fyrra eiga auðvelt með að ræða persónuleg málefni við foreldra sína.

Á sama tíma og þetta er að gerast fjölga þeim sem segjast verja tíma með foreldrum sínum á virkum dögum og um helgar. Þetta gefur til kynna að gæði samverutímans skipti máli, það sé ekki nóg fyrir foreldra að vera stödd á sama stað og unglungarnir ef að samskiptin eru ekki nægilega mikil eða uppbyggileg fyrir unglungana. Því eru foreldrar hvattir til að verja gæðatíma með börnum sínum og unglungum. Vorið er komið, sólin hærra og lengur á lofti og hitastigið fer hækkandi. Þetta eru kjöraðstæður fyrir útiveru, gæða samveru og fjölbreytta hreyfingu. Nú er tíminn til að breyta venjum og grípa tækifærin sem vorið og sumarið bíður upp á.



Þráinn Hafsteinsson.

Hvetja börn til útiveru

Foreldrar þurfa að hvetja börnin sín til útiveru, til að ganga eða hjóla í skólann, leika sér úti, njóta fjölmargra spennandi útivistarsvæða í hverfinu eða stunda íþróttir. Hvatning foreldra og samvera þeirra með börnum sínum við þessa iðju er lykilatriði. Foreldrar í dag þurfa að breyta sér af meiri miklu meiri krafti en áður til að fá börn sín til útivistar og hreyfingar vegna aðdráttarafls tölvuleikja og síma. Foreldrar þurfa að kenna börnum sínum hvernig þau geti notið útivistar, kenna þeim að leika sér úti, fræða þau um undur náttúrunnar og það sem útivistarsvæði bjóða upp á. Börnum þykir fátt skemmtilegra en að leika sér úti með foreldrum sínum. Að njóta útiveru með fjölskyldunni er gott fyrir sál og líkama og leggur um leið grunninn að góðum samskiptum og uppbyggilegu fjölskyldulífi.

Regluleg hreyfing í góðum félagskap hefur afgerandi jákvæð áhrif á líkamlegt ástand, eflir heilastarfsemina og félagslega hæfni okkar.

Þráinn Hafsteinsson
Verkefnastjóri frístunda- og félagsauðs
Þjónustumiðstöð Breiðholts

SmíðaVík
GÓÐIR Í GLUGGUM OG HURÐUM

Ef þarf að skipta út gleri,
bæta þéttingu glugga og hurða,
lagfæra glugga og hurðir
eða skipta því út fyrir nýju
erum við réttu mennirnir.

Við höfum góða reynslu í þessum efnum.

smidavik@smidavik.is
sími 898-0503
Guðlaugur



Getraunarnr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973



Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Frábær sigur Leiknismanna á FH

Sævar Atli Magnússon skoraði bæði mörk Leiknis þegar liðið vann frækinn sigur á FH, 2-1, í 6. umferð Pepsi Max-deildar karla á þriðjudagkvöldi.

Matthías Vilhjálmsson skoraði mark FH-inga sem náðu sér engan veginn á strík og töpuðu sanngjarnt fyrir öflugum Leiknisliði sem hefur byrjað tímabilið af miklum krafti.

Leiknismenn hafa unnið tvo heimaleiki í röð og eru með átta stig í 7. sæti deildarinnar. FH-ingar hafa aftur á móti tapað tveimur leikjum í röð og eru í 4. sætinu með tíu stig, sex stigum á eftir toppliði Vals.

FH byrjaði leikinn af ágætis krafti og á 21. mínútu náði liðið forystunni. Steven Lennon lék á Arnór Inga Kristinsson sem var nýkominn inn á sem varamaður, og sendi fyrir á Matthías sem renndi sér á boltann og kom honum yfir línuna.

Nánast í næstu sókn jafnaði Leiknir. Emil Berger átti frábæra sendingu inn fyrir vörn FH á Sævar Atli sem tók boltann á lofti og kom honum framhjá Gunnari Nielsen í marki gestanna.

Leiknismenn reyndu ítrekað að senda boltann inn fyrir vörn FH á Sævar Atla sem hélt sig nálægt Péttri Viðarssyni frekar en Guðmundi Kristjánssyni og það gaf góða raun.

Á 44. mínútu stakk Árni Elvar Árnason boltanum inn fyrir á Sævar Atla en Gunnar varði vel frá honum. Í uppbótartíma fyrri hálfleiks kom Sævar Atli boltanum í netið eftir enn eina stungusendinguna en var dæmdur rangstæður. Staðan í hálfleik var jöfn, 1-1.

Á 56. mínútu var Matthías nálægt því að skora sitt annað mark en skaut rétt framhjá marki Leiknis. Mínútu síðar slapp Árni Elvar í gegn en Baldur Logi Guðlaugsson braut á honum. Sævar



Atli fór á vítapunktinn og skoraði af öryggi, sitt fimmta mark í sumari.

Pétur kom boltanum í netið á 64. mínútu en markið var dæmt af vegna rangstöðu. Þrátt fyrir að hafa nægan tíma til að jafna voru FH-ingar aldrei líklegir til þess. Gestirnir sóttu vissulega mikið en heimamenn voru aldrei í nauðvörn og lentu ekki í teljandi vandræðum.

FH gerði breytingar, bæði á liðsskipan og leikaðferð, en allt kom fyrir ekki. Leiknisvörnin var afar traust og Guy Smit hafði merkilega lítið að gera í markinu.

Breiðhyllingar fögnuðu svo vel og innilega þegar Pétur Guðmundsson flautaði til leiksloka enda einn merkasti sigur í sögu félagsins staðreynd. Og hann var sanngjarn.

Næsti leikur Leiknis er gegn HK í Kórnum á sunnudaginn nk. kl. 19:15



www.leiknir.com

GETRAUNARNÚMÉR
LEIKNIS ER 109

1X2

GETRAUNIR.IS

Tilhlaup fyrir unga fólk

- Krístrún Frostadóttir skrifar

Hlutfall háskólamenntaðra á vinnumarkaði hefur fjórfaldast á síðustu 30 árum í kjölfar aukinnar áherslu á menntun og hlutfallið er sérstaklega hátt meðal ungs fólks. Þrátt fyrir þetta hafa ráðstöfunartekjur fólks undir fertugu vaxið umtalsvert hægar en meðaltalið í landinu frá 1990.

Þetta er umhugsunarverð þróun fyrir okkur öll til lengri tíma, því ef ráðstöfunartekjur eldri kynslóða vaxa hraðar en þeirra sem yngri eru fer það að skipta meira og meira máli hverjir foreldrar þínir eru. Eignastaðan í foreldrarhúsum mótast í auknum mæli farveginn sem ungt fólk ratar í.

Við vitum af reynslunni að kreppur hafa tilhneigingu til að hraða undirliggjandi þróun í samfélaginu og það hefur kórónukreppan sannarlega gert. Kreppan er fyrst og fremst atvinnukreppa sem bitnar á atvinnutekjum og tækifærum. Virkni ungs fólks á vinnumarkaði hefur dregist mikið saman en á sama tíma hafa orðið miklar hækkningar á eignamörkuðum þar sem eldri kynslóðir eru umsvifamestar. Afleiðingin er aukinn kynslóðaójöfnuður.

Atvinnuleysi ungmenna, fólks á aldrinum 16 til 24, var á síðasta ársfjórðungi 14%. Hlutfallið hefur tvöfaldast á skömmum tíma. Í svona ástandi enda mörg ungmenni í starfi þar sem menntun þeirra nýtist ekki eins og best væri á kosið og sum hörfa af vinnumarkaði. Í dag er hlutfall ungmenna sem eru starfandi og ekki vinnulítill sögulega lágt eða 52%.

Þótt atvinnuástandið batni er óvíst hvernig sá bati dreifist. Fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á að fyrstu skref fólks á vinnumarkaði ráða miklu

um framtíðartækifæri fólks og það hallar verulega á þá hópá sem taka fyrstu skrefin á tímum efnahagsþrenginga.

Við verðum að koma í veg fyrir að yfirstandandi krísa hraði þessari kynslóðagliðun frekar. Við í Samfylkingunni viljum hjálpa ungu fólk að fóta sig í núverandi aðstæðum og höfum lagt til sértækar aðgerðir sem ættu að koma til framkvæmda strax. Ein tillagan felst í því að ráðningastyrkur fylgi nýtskrifuðum einstaklingi úr háskóla- og iðnnámi í hálf ár til að styðja við ungt fólk á viðkvæmum tímum og koma í veg fyrir hik í ráðningum ungs fólks.

Þá höfum við lagt fram tillögu um að tvöfalda persónuafslátt einstaklinga sem snúa aftur til starfa eftir atvinnuleysi. Einstaklingur getur þannig unnið hraðar upp tekjutap vegna atvinnuleysis. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir atvinnulaust ungt fólk sem er eignaminnna og á lægri tekjum en þau sem eldri eru. Ung fólk er grunnurinn sem samfélag framtíðarinnar byggir á og til mikils að vinna að við tryggjum jöfn tækifæri í uppsveiflunni sem framundan er.

Höfundur er hagfræðingur og leiðir lista Samfylkingarinnar í Reykjavíkurborginni suður.



Krístrún Frostadóttir.

Víðavangshlaup ÍR á uppstigningardag

Víðavangshlaup ÍR og Íslandsmeistaramót í fimm kílómetra götuhlaupi var haldið á uppstigningardag. Hlaupið var ræst kl. 12:00 á syðri akreinn Sæbrautar fyrir framan Hörpu. Endamarkið var á torginu fyrir framan Hörpu.

Hlaupið var eftir syðri akreinn austur að gatnamótum við Kringlumýrarbraut, beygt inn á Kringlumýrarbraut og tekinn snúningur til baka í átt að Sæbraut á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Borgartúns. Þá var Sæbrautin hlaupin áfram til austur að Kirkjusandi þar sem tekinn er snúningur inn á nyrðri akreinnina og hún hlaupin til baka áfram í mark við Hörpu. Víðavangshlaup ÍR hefur farið fram á sumardaginn fyrsta í rúma öld en það var fyrst haldið árið 1916 og hefur síðan þá verið



Frá víðavangshlaupi ÍR.

stór viðburður í menningar- og íþróttalífi í Reykjavík. Enginn íþróttaviðburður hér á landi á jafn langa samfellda sögu. Hlaupið er einnig eitt fjölmennasta

fimm kílómetra hlaup landsins. Í ár var ekki mögulegt að halda hlaupið fyrir en nú vegna samkomutakmarkana vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.



Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

GETRAUNANÚMER ÍR
109

1X2
GETRAUNIR.IS

Fjórir ÍR ingar á Íslandsmeistaramóti í júdó

Fjórir keppendur frá ÍR kepptu á Íslandsmeistaramóti karla og kvenna í júdó á dögunum.

Felix Woelflin keppti í -73kg flokki, Gísli Egilson í -81kg flokki, Matthías Stefánsson í -100kg flokki og Sabrína Haraldsdóttir í -70kg flokki en hún þurfti að keppa í þyngri þyngdarflokki en hún var

skráð í þar sem engir keppendur voru í hennar flokki. ÍR-ingar unnu til þrenna verðlauna á mótinu. Gísli lenti í 2. sæti í sínum flokki. Matthías sigraði sinn flokk með yfirburðum og vann þannig sinn fyrsta Íslandsmeistari.

Myndirnar eru af verðlaunahöfum á Íslandsmótinu.



ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.



ÁFRAM ÍR

Eignaumsjón

20 ára þekking og reynsla!

- » Gott viðmót
- » Fagleg þekking
- » Skilvirkar lausnir
- » Gagnsæjar upplýsingar
- » Hlutlaus og fagleg nálgun



• EIGNAumsjón

20 ára

Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík
Sími 585 4800
thjonusta@eignaumsjon.is
eignaumsjon.is



Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

þekking og reynsla

- ◊ Office 365 þjónusta
- ◊ Gagnabjörgun og afritun
- ◊ Umsjón tölvukerfa
- ◊ Vefsíðugerð og umsjón
- ◊ Tölvuviðgerðir
- ◊ Tölvur og jaðarbúnaður



Parabakki 3, **Mjódd**
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is

The logo for Vís, consisting of the letters 'Vís' in white on a red rounded square background.

Látum öryggið **passa**

Er slökkvitækið komið út í skúr því það passar ekki við litinn á flísunum í forstofunni? Er búið að fela eldvarnarteppið því það skyggir á nýju kaffivélina? Málið er að ef svona öryggistæki passa ekki inni hjá okkur, þá eru þau ekki að passa upp á okkur. Horfðu aðeins í kringum þig - því við þurfum að breyta því hvernig við hugsum um svona græjur.

Fáðu innblástur á vis.is